

Stjórnarfundur UMSE 09.12.2015 haldinn í Búgarði á Akureyri.

Fundur nr. 756. Mætt eru Bjarnveig Ingvadóttir, Þorgerður Guðmundsdóttir, Einar Hafliðason, Jóhannes Gísli Pálmason, Guðrún Sigurðardóttir og Þorsteinn Marinósson. Forföll boðuðu Sigrún Finnsdóttir og Sigurður Eiríksson.

Bjarnveig setti fund kl. 17:37.

1) Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.

2) Innsend bréf.

Engin innsend bréf sem taka þarf fyrir.

3) Styrkveitingar.

a) Afreksmannasjóður. Alls bárust 13 einstaklingsumsóknir að þessu sinni auk einnar umsóknar frá aðildarfélagi.

- i) Agnes Fjóra Flosadóttir. Samþykkt að úthluta 20.000 kr.
- ii) Amalía Nanna Júlíusdóttir. Samþykkt að úthluta 20.000 kr.
- iii) Amanda Guðrún Bjarnadóttir. Samþykkt að úthluta 20.000 kr.
- iv) Arnór Snær Guðmundsson. Samþykkt að úthluta 45.000 kr.
- v) Axel Reyrrúnarsson. Samþykkt að úthluta 45.000 kr.
- vi) Eir Starradóttir. Samþykkt að úthluta 20.000 kr.
- vii) Guðfinna Þorleifsdóttir. Samþykkt að úthluta 45.000 kr.
- viii) Guðmundur Smári Daníelsson. Samþykkt að úthluta 45.000 kr.
- ix) Guðni Berg Einarsson. Samþykkt að úthluta 45.000 kr.
- x) Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson. Samþykkt að úthluta 20.000 kr.
- xi) Ólöf María Einarsdóttir. Samþykkt að úthluta 45.000 kr.
- xii) Sveinborg Katla Daníelsdóttir. Samþykkt að úthluta 20.000 kr.
- xiii) Viktor Hugi Júlíusson. Samþykkt að úthluta 20.000 kr.
- xiv) Sundfélagið Rán. Hafnað.

Alls samþykkt að úthluta 410.000 kr. úr sjóðnum. Úthlutun fer fram 15. desember.

4) Formannafundur ÍSÍ

a) Sigurður Eiríksson, varaformaður fór á fundinn vegna forfalla Bjarnveigar.

5) Íþróttamaður UMSE

- a) Eftirfarandi tilnefningar hafa borist frá aðildarfélögum:
- i) Sundmaður UMSE, Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson
 - ii) Skíðamaður UMSE, Andrea Björk Birkisdóttir
 - iii) Golfmaður UMSE, Ólöf María Einarsdóttir
 - iv) Frjálsíþróttamaður Eir Starradóttir
 - v) Hestaíþróttamaður UMSE Anna Kristín Friðriksdóttir
 - vi) Badmintonmaður UMSE Haukur Gylfi Gíslason

Tilnefningar vantar frá frjálsíþróttanefnd og borðtennisnefnd auk þess sem fleiri upplýsingar vantar frá aðildarfélögum. Stjórn þarf að sjá til þess að 10 íþróttamenn verði í kjöri skv. reglugerð þar að lútandi. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu, gögn vegna kjörs íþróttamanns verða send út fyrir jól. Þar sem kjörið verður 14. janúar þurfa atkvæði í kjörið að berast í síðasta lagi 4.-7. janúar (póstlagningardagurinn 4. janúar er síðasti dagur).

- b) Búið er að bóka Laugaborg undir viðburðinn. Leiga er 30.000.- Kjörinu verður lýst fimmtudaginn 14. janúar kl. 18:00.
 - c) Veitingar. Framkvæmdastjóra falið að fá einhvern til að sjá um veitingar í kjörinu.
 - d) Styrkumsókn vegna viðburðarins verður send til Eyjafjarðarsveitar.
 - e) Bréf til aðildarfélaganna vegna íþróttarárangurs á árinu 2015 verða send til félaga í næstu viku, þar verður óskað eftir upplýsingum um árangur á árinu 2015 vegna veitinga viðurkenninga samhliða kjöri íþróttamanns UMSE.
 - f) Viðurkenningar vegna afreka. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Jako og Bros um hvað þeir geta boðið.
- 6) Staða aðgerðaráætlunar vegna stefnu UMSE.
- a) Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn að formleg umsókn hefur verið send til ÍSÍ um að gerast fyrirmyndaríþróttahérað.
 - b) Siðareglur.
 - i) Drög unnin af vinnuhóp, til umfjöllunar á fundinum. Drög lesin yfir, gerðar nokkrar orðalagsbreytingar og siðareglurnar að því búnu samþykktar af stjórn. Í nefnd sem setti saman siðareglurnar sátu Bjarnveig Ingvadóttir, Sigrún Finnsdóttir og Þorsteinn Marinósson.
 - c) Forvarnar- og fræðslustefna.
 - i) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugsuninni á bak við forvarnar- og fræðslustefnu. Markmiðið að stefnan samræmist stefnu UMSE, sem kom fram í stefnumótunarvinnu sambandsins. Í forvarnar- og fræðslunefnd sátu Karl Frímannsson (sem þurfti að vísu að hætta í nefndinni vegna anna), Gísli Bjarnason og Lilja Björk Reynisdóttir ásamt Þorsteini framkvæmdastjóra. Siðareglurnar og forvarnar- og fræðslustefnan verða lagðar fyrir formannafund í lok janúar og í framhaldi fyrir ársþing til samþykktar.
 - d) Umhverfisstefna. Framkvæmdastjóri ræddi að til að uppfylla kröfur um fyrirmyndarhéraðssamband þyrfti UMSE að setja sér umhverfisstefnu. Framkvæmdastjóri vinnur að málinu í samvinnu við stjórn.
 - e) Stefna í félagsmálum.
 - i) Framkvæmdastjóri telur að stefna UMSE og drög að forvarnar- og fræðslustefnu taki á þessu á fullnægjandi hátt. UMSE þurfi þó að vera viðbúið því að setja fram sjálfstæða stefnu í þessum málum ef athugasemd kemur frá ÍSÍ.
 - f) Samningar við sveitarfélögin.
 - i) Búið er að gera samning við Dalvíkurbyggð. Eftir á að undirrita samninga við Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp, beðið er eftir afgreiðslu sveitarfélaganna.

- g) Gátlisti ÍSÍ
 - i) Framkvæmdastjóri fór yfir gátlista ÍSÍ þar sem fram kemur hvaða kröfur þurfi að uppfylla til að gerast fyrirmyndarfélag.

7) Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að nú þyrfti að taka til í geymslu UMSE í Búgarði. Eitthvað af gögnum þurfi að fara á skjalasafn, annað má fara í geymslu annars staðar í húsinu. Stefnt á að finna tíma til að fara í tiltekt einhvern tímann á tímabilinu 14.-18. des.
- b) Samstarf við leikskólann Krummakot um námskeið í forvörnum. Fyrirspurn frá leikskólastjóra. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að fyrirspurn hefði borist frá leikskólastjóranum um hvort UMSE gæti hlutast til um fræðslu fyrir starfsfólk leikskólans, sbr. Verndum þau námskeiðið sem UMSE hefur staðið fyrir áður.
- c) Framkvæmdastjóri sagði frá vel heppnuðum fræðslufyrirlestrum sem UMSE stóð fyrir nýverið og voru haldnir á Hrafnagili.
Mat framkvæmdastjóra er að skoða þurfi hvernig hægt sé að ná betur til íþróttafólks í sveitarfélaginu, í ljósi þess að flestir þeirra 30 sem sóttu fyrirlestrana komu frá Akureyri. Nettó bauð upp á ávexti í hlé.
- d) Umsögn Langanefndar UMFÍ um Blakfélagið Rima (bréf sem barst 13. nóvember). Athugasemd barst frá Laganefnd UMFÍ þess efnis að ekki kæmi fram í lögum blakfélagsins að það tilheyri ungmennafélagi eða íþróttabandalagi. Framkvæmdastjóri mun sjá um að svara bréfi laganefndar.
- e) Þorgerður spurði um utanyfirgalla. Framkvæmdastjóri svaraði því til að hann hefði farið þess á leit við Ólaf hjá Toppmönnum og Sport að panta Team galla, skv. ákvörðun stjórnar. Ekki er ljóst hvenær gallarnir koma, Ólafur hjá Toppmönnum ætlar að láta Þorstein framkvæmdastjóra vita þegar það gerist.
- f) Einar greindi frá því að hann hefði haft samband við Hjört Ágústsson hjá Evrópu unga fólksins, skv. því sem ákveðið var á síðasta stjórnarfund. Talsmaður frá Evrópu unga fólksins er tilbúinn til að koma í byrjun nýs árs og kynna styrkjamöguleika og fleira fyrir stjórnarmönnum og félagsmönnum í UMSE.

8) Tilhögun næsta fundar.

- i) Tekin verður ákvörðun um næsta fund eftir áramót. Stjórn mun funda í tengslum við kjör á íþróttamanni UMSE 14. janúar.

9) Fundarslit.

Bjarnveig sleit fundi kl. 19:58.

Einar Hafliðason, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
